



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

AÐVENTUHUGLEIÐING

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Aðventuhugleiðing skólalastjóra
- Pistill frá nemendaráði
- Könnun um líðan
- Hættu áður en þú byrjar
- Ljóð um hugrekki



GODI segir:



Við kveikjum einu kerti á hans koma nálgast fer sem fyrstu jóli í jötu lá og Jesúbarnið er

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Aðventan eða jólafasta spannar síðustu fjórar vikur fyrir jóli. Þetta er sá tími sem við tökum frá til að undirbúa okkur fyrir komu frelsarans og til að minnst fæðingar hans.

Einkennislitur aðventunnar samkvæmt kirkjunni er fjólublár. Sjálf jólahátíðin ber síðan hvítan eða gylltan lit.

Margir setja aðventuljós í glugga á þessum tíma og/eða setja upp aðventukrans sem á eru fjögur kerti. Það er kveikt á fyrsta kertinu fyrsta sunnudag í aðventu, næst á tveim, þá þrem og loks öllum fjórum.

Fyrsta kertið heitir Spádómskertið, það minnir á fyrirheit spámana Gamla testamentisins, um komu frelsarans.

Annað kertið heitir Betlehems kertið eftir fæðingar bæ Jesús.

Þriðja kertið heitir Hirðakertið eftir hirðingjunum sem fátækir og ómenntaðir fengu fyrst fregnina góðu um fæðingu frelsarans.

Fjórdja kertið heitir Englakertið, og minnir okkur á englana sem fluttu fréttina um fæðingu frelsarans.

Ég held að gott sé fyrir okkur öll að nota aðventuna til að huga hvort að öðru, nú þegar veröldin virkar víða öfugsnúin og ranglát.

Þá er gott fyrir okkur að leita í fjársjóð minninganna, huga að vinum og ættingjum og rækta góðvild og góðsemi með þeim sem standa okkur næst.

Mér verður t.d. oft hugsað til Laufeyjar heitinnar ömmu minnar á aðventunni, því þá er hefð að baka "Lullu-kökur", súkkulaðibita-smákökur sem bragðast einstaklega vel með ískaldri mjólk.

Mín fyrstu ár bjuggum við í sama húsi og Lulla amma og Stjáni afa í Græ nukinn 7 og þá var notalegt

að renna sér niður á neðri hæðina, þar var ekki komið að tómun kofanum. Þessar litlu ljóðlínur mínar um hana ömmu mína lýsa því kannski ágætlega.

Oft saman við gátum á aðventu setið nartað í kökur, kroppað í ketið hvort sem í snjókomu, stormi eða byl. Mjólkinni kaldri svo skolað var niður breitt mjólkurskegg, er jú barnanna siður með glampa í augum dró gamla upp spil.

Slyng að spila, hún amma var rosa, gjarnan hún laumaði á kóng eða gosa, rakaði gamla slögunum inn. Hvort sem hún var að skúra eða pússa, reiðubúin var alltaf í Rússa, gaman var alltaf í Græ nukinn.

Óska ykkur öllum gleðilegrar aðventu.

Bestu skólakveðjur
Leifur S. Garðarsson

Skólalastjóri

(pistla skólalastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)



Í Áslandsskóla röðum við skóm í skóhillur



Ljóð Tunglheimum HUGREKKI

HUGREKKI

Það er margt sem þarf að vita um hugrekki.
Sumt sem ég skrifa ekki.
Hugrekki er að þora og gera,
þora að vera maður sjálfur
alveg eins og maður á að vera,.

Hugrekki er kjarkur
að axla þá ábyrgð sem maður á að bera.
Hugrekki er að vera góðhjartaður
því þá verður maður glaður
að láta eins og maður,
ekki að hlusta á eitthvað blaður og þvaður

Hugrekki er að bera sig hátt
því þá verður allt í sátt.
allt í lífinu verður kátt,
en farðu með gátt
því að kæti gæti orðið búin, seinna eða brátt.

Höfundur: Björn Skarphéðinsson

HUGREKKI

Að vera hugrakkur er gott
Að vera hugrakkur er flott.
Þeir sem hugrakkir eru skara oft
fram úr á einhvern hátt

Að þora er hugrekki
og hugrekki er að þora.
Hugrakkir eru þeir sem koma fram.

Svo vertu góður
og hugrakkur
Þannig verður gaman.

Ekki hræðast allt
hafðu frekar gaman.

Höfundur: Jón Gunnar

Pistill frá nemendaráði

Nemendaráðsvali er best lýst sem nemendaráði.

Starfsmenn Ássins og kennarar sem halda utan um þetta fag heita: Bára Ósk Einarsdóttir, Helga Vala Gunnarsdóttir, Jónína Ósk Ingólfsdóttir og Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir. Þetta fag er 2 kennslustundir(80min) á viku þ.e.a.s. mánudögum. Námið er tengt félagsstarfi skólans og félagsmiðstöðinni Ásnum að hluta til. Valið er í stjórn nemendaráðs og önnur ráð sem verða á þessu námskeiði.

Í námskeiðinu er fræðsla sem viðkemur félagsmálum, klúbbastarfi og undirbúningi ýmissa verkefna og viðburða. Auk þess er farið í ræðumennsku og framkomu. Nemendaráð skipuleggur félagsstarf unglíngadeildar í samráði við leiðbeinendur valnámskeiðisins. Það þarf víst ekki að minna neinn á það að nemendur sem eru í þessu nemendaráðsvali eru fyrirmyndir annarra nemenda.

Markmið nemendaráðsvalsins er að þjálfa nemendur í ræðumennsku, skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi. En einnig er það markmið nemendaráðsvals að byggja upp heilbrigða sjálfsmynd nemenda. Námsmátið er byggt á símati sem er mæling á virkri vinnu nemandans allan veturinn t.d. vinna í tímum, vinnubók, þátttaka í undirbúningi og framkvæmd viðburða og hópavinnu. Svo verður skrifleg umsögn í lok skólaárs.

Sunna Mjöll Bernhöft.

9MR

Hættu áður en þú byrjar

Mánudaginn 8. desember og þriðjudaginn 9. desember fáum við góða gesti í skólann. Um er að ræða forvarnafræðslu sem Áslandsskóli, félagsmiðstöðin Ásinn og Foreldrafélag Áslandsskóla standa fyrir. **Fræðslan verður annars vegar fyrir nemendur á skólatíma og hins vegar fyrir foreldra barna í 8.-10. bekk þriðjudagskvöldið 9. desember frá kl. 19:30-22:00.**

Markmiðið með fræðslunni er að fá nemendur til að taka afstöðu gegn fíkniefnum og notkun þeirra og að þeir skilji hverjar afleiðingarnar geta orðið.

Mikil áhersla er lögð á að börn og foreldrar fái sömu fræðsluna þó að nálgunin sé ólík á fundunum. Er það gert í þeim tilgangi að skapa umræðugrundvöll um vímuefni og notkun þeirra inni á heimilunum, því foreldrar eins og flestir vita eru besta forvörnin. Einnig er rætt um hvert foreldrar geta snúið sér til að fá aðstoð vegna barna sinna.

Sveigjanlegur dagur—ratleikur 1. des

Mánudaginn 1. desember er sveigjanlegt skólastarf en þá fer fram fullveldisratleikur Áslandsskóla. Skólastarf er frá 8:10-12:00 þann daginn og opnar heilsdagsskólinn fyrir þá sem þar eiga dvöl strax kl. 12:00.

Föstudaginn 5. desember er hefðbundinn skóladagur en engu að síður ætlum við að nýta hluta dagsins til að klæða skólann í jólafötin. Gott væri ef nemendu hefðu meðferðis "græjur" og efni til fönndurs.

Könnun um líðan október 2008

Helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður úr 1.-3. bekk

Valmöguleikar: Vel / allt í lagi / illa—heild 100%

65% líður vel í frímínútum og 25% allt í lagi

80% líður vel í kennslustund og 16% allt í lagi

82% líður vel í íþróttum og 13% allt í lagi

58% líður vel í búningsklefa íþrótta, 32% allt í lagi

90% líður vel í sundi og 7% allt í lagi

78% líður vel í búningsklefa í sundi og 17% allt í lagi

79% líður vel á leið heim úr skóla og 15% allt í lagi

Helstu niðurstöður úr 4.-6. bekk

Valmöguleikar: Alltaf/oft/stundum/aldrei—heild 100%

Mér finnst gaman í skólanum

39% alltaf / 43% oft / 15% stundum

Frímínútur eru skemmtilegar

54% alltaf / 38% oft / 8% stundum

Ég kvíði fyrir að fara í skólann

18% stundum / 75% aldrei

Ég kvíði frímínútum

10% stundum / 84% aldrei

Mér er strítt í skólanum

34% stundum / 62% aldrei

Ég hef gaman af því að stríða sumum krökkum

13% stundum / 84% aldrei

Mér finnst rétt að láta vita ef einhverjum er strítt

52% alltaf / 25% oft / 19% stundum

Það er góður vinnufriður í bekknum

40% oft / 49% stundum

Mér líður vel í bekknum mínum

50% alltaf / 37.5% oft / 10% stundum

Mér finnst rétt að hlýða kennaranum mínum

82% alltaf / 13% oft / 4% stundum

Helstu niðurstöður úr 7.-10. bekk

Valmöguleikar: Alltaf/oft/stundum/aldrei—heild 100%

Mér finnst gaman í skólanum

23% alltaf / 44% oft / 30% stundum

Frímínútur eru skemmtilegar

45% alltaf / 42% oft / 13% stundum

Ég kvíði frímínútum

9% stundum / 79% aldrei

Mér er strítt í skólanum

21% stundum / 77% aldrei

Ég hef gaman af því að stríða sumum krökkum

23% stundum / 72% aldrei

Mér finnst rétt að láta vita ef einhverjum er strítt

37% alltaf / 29% oft / 22% stundum / 12% aldrei

Það er góður vinnufriður í bekknum

49% oft / 41% stundum

Mér líður vel í bekknum mínum

48% alltaf / 42% oft / 9% stundum

Mér finnst rétt að hlýða kennaranum mínum

55% alltaf / 36% oft / 9% stundum

Nemendaverndarráð og umsjónarkennarar hafa farið yfir allar niðurstöður og er unnið með þær í viðkomandi bekkjum og árgöngum.

Gott væri að ræða þær heima með nemendum.

Frá Foreldrafélagi Áslandsskóla

Senn líður að jólum og er óhætt að segja að nóg sé um að vera við undirbúning þeirra og margt í boði af því tilefni. Bekkjartenglar vinna nú að því að húa saman í samverustundir í árgöngunum, samverustundir foreldra og nemenda við föndur og annað skemmtilegt inn á skólastofum. Í síðustu viku var samverustund í fjórða bekk og fór mæting fram úr björtustu vonum, stofur voru yfirfullar af foreldrum, nemendum og systkinum sem undu sér vel við að föndra jólakort og borðuðu síðan vöfflur af bestu lyst. Að því er foreldrafélagið best veit eru framundan samverustundir hjá flestum árgöngum fyrir jól og er það afskaplega ánægjulegt. Þetta eru dýrmætar stundir fyrir börnin okkar sem allir hafa gaman af.

Okkar litla samfélag í Áslandi býr vel að því að þar hafa foreldrar, börn og skóli náð að skapa gott samfélag. Við skulum hafa það í huga og leggja rækt við það nú yfir hátíðina. Verjum tíma okkar saman yfir hátíðarnar, samveran er sú forvörn sem skiptir hvað mestu máli. Foreldrafélagið mun að vanda hringja út um áramótin og ítreka fyrir foreldrum barna í unglingadeild að eyða gamlárskvöldi með börnunum.

Gert er ráð fyrir að skólafatanefnd hittist nú í desember því það þarf að gera pöntun fyrir næsta skólaár í janúar og Cintamani er með nýja skólafatalínu með buxum, bol og flíspeysu, heildarpakki sem lofar góðu.

Fyrir atorku og dugnað þeirra er að stóðu voru komnir bekkjartenglar í alla bekki í byrjun október. Er það von foreldrafélagsins að á aðalfundi verði bekkjartenglar sem nú eru starfandi búnir að ákveða að halda áfram eða fá aðra foreldra í starfið. Þannig megi fara inn í sumarið með starfhæft bekkjartenglaráð og fullmannað í byrjun næsta skólaárs.

Foreldraröllið hefur á heildina litið gengið vel hér í hverfinu og við getum verið stolt af því öll sem eitt. Þökkum við góðar undirtektir og hvetjum alla til að taka jákvætt í að rölla þegar bekkjartenglar hafa samband.

Það var mjög ánægjulegt hve gekk vel að selja miða á Jólatónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, 20. desember n.k. Miðarnir voru nær uppseldir fyrsta kvöldið og var seinna sölukvöldið tekið af dagskrá þar sem ekki voru neindir miðar að selja. Þökkum við góðar undirtektir og þeim sem unnu að þessu verkefni fyrir foreldrafélagið.

Framundan hjá stjórn Foreldrafélagsins er að gera starfsáætlun félagsins, vinna að handbók Foreldrafélagsins og gátlistum. Einnig verða lög forleðrafélagsins tekin til endurskoðunar. Stefnt er að því að handbók foreldrafélagsins verði tilbúin á aðalfundi félagsins í vor og auðveldi þeim sem taka við starfinu á næsta starfsári starfi. Afraksturinn verði gott leiðakerfi og einfaldi þeim sem koma inn í foreldrastarfið að takast á við verkefnið. Foreldrastarf er skemmtilegt og hvetjum við alla foreldra til að taka þátt í slíku. Ekki missa af þessu tækifæri í lífinu til að gera skólagöngu barna ykkar ánægjulegri og eftirminnilegri, það gerum við best með því að eiga gott samstarf við skólann og aðra foreldra.

Við í Foreldrafélagi Áslandsskóla óskum ykkur og fjölskyldum ykkar ánægjulegra stunda á aðventunni og gleðilegra jóla. Megi boðskapur jólanna færa ykkur kærleik og hlýju.



Kríúási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGODINN

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri